

STARFSREGLUR KVENNALISTANS

1. LANDSSAMTÖKIN

1. Framkvæmdaráð skal skipað minnst 5 konum, einni úr hverjum anga, sem kosnar eru á félagsfundum anganna til 6 mánaða í senn. Kemur það saman eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur. Ef angarnir eru færri en 5 skipar fjölmennasti anginn aðra konu, ef enn vantar konu skipar næst fjölmennasti anginn fulltrúa og síðan koll af kolli, uns fullskipað er. Auk þess skal sitja í ráðinu ein kona úr framkvæmdaneftnd hvers anga. Ekki skulu konur sitja lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn.
2. A félagsfundi í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð og eina til vara. Að 6 mánuðum liðnum taki varafulltrúi sæti aðalfulltrúa og verði þá kosinn nýr varafulltrúi.
3. Þingkona eða fulltrúi þingvenna skal sitja framkvæmdaráðsfundi.
4. Framkvæmdaráð skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt:
 - a) Tilnefni eina konu, sem situr þingráðsfundi a.m.k. til tveggja mánaða í senn.
 - b) Tilnefni eina konu í ákveðinn tíma, sem skipuleggur fundi ráðsins og sér um að ákvörðunum þess sé framfylgt.
 - c) Tilnefni eina konu, sem hefur umsjón með fjármálum Kvennalistans.
5. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:
 - a) Vinna að fjölgun anga.
 - b) Skipuleggja stórfundi og ráðstefnur.
 - c) Hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans.
 - d) Hvetja til þess að bakhópar starfi og skipuleggja nýja hópa.
 - e) Tilnefna konur til að koma fram fyrir hönd Kvennalistans í fjöldum í samráði við þingráð.
 - f) Sjá um að bréfum og fjöldum sé svarað.

II. Útgáfumál

6. Innan Kvennalistans skal starfa:
 - a) Ritnefnd fréttabréfs Kvennalistans skipuð minnst einni konu úr hverjum anga, sem kosin er á félagsfundi til 6 mánaða í senn.
 - b) Ritnefnd Veru skipuð í samræmi við samkomulag um Veru.
 - c) Aðrar ritnefndir eftir þörfum.

III. Þingráð

7. Fastir fulltrúar í þingráði eru þingkonur og varaþingkonur Kvennalistans, ein kona úr framkvæmdaráði og ein kona úr framkvæmdanefnd hvers anga. Auk þeirra sitja í þingráði ein kona úr hverjum bakhóp.
8. Þingráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans og stefnuvirlýsingu landsfundar. Þingráð skal jafnframt vera stefnumótandi og ráðgefandi í einstökum málum. Það skal til-nefna konur í öll fulltrúastörf og nefndir í samráði við framkvæmdaráð á milli félagsfunda. Allar nefndir og fulltrúastörf skulu auglýstar í fréttabréfum anganna sé þess kostur.
9. Bakhópar skulu starfa í einstökum málaflokkum og koma með tillögur um stefnumótun til þingráðs.
10. Þingráðsfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði og oftar ef þörf krefur þann tíma sem Alþingi starfar. Þingkonur skulu undirbúa þingráðsfundi og sjá um að þeir séu boðaðir.

IV. Angar

11. Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga og er kosin á félagsfundi. Hún hefur yfirumsjón með öllu starfi angans og annist fjármál hans. Nefndin skipti með sér störfum en tilnefni eina konu í þingráð og eina konu í framkvæmdaráð Kvennalistans. Ekki skulu konur sitja lengur í framkvæmdaráði en átta mánuði í senn. Að öðru leyti móta þær starfshætti sína.
12. A félagsfundi í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð. Sjá nánar í gr. 2 í starfsreglum.

V. Starfsmaður- Húsnæði

13. Framkvæmdaráð Kvennalistans ráði sér konu til starfa. Hún sjáí um að framkvæma ákvarðanir framkvæmdaráðs, sem ekki er vísad annað.
14. Kvennalistinn hafi húsnæði til afnota fyrir starfsmann, þar sem sími er staðsettur. Húsnæði þetta skal vera miðstöð Kvennalistans.
15. Rekstur húsnæðis, laun starfsmanns og annar sameiginlegur kosn-aður greiðist af öngum í hlutfalli við félagatölu þeirra.

VI. Almenn ákvæði

16. Til þess að breyta starfsreglum þessum þarf meirihluta atkvæða á landsfundi eða félagsfundum í öllum öngum.

Samþykkt á Landsfundi Kvennalistans

4. nóvember 1984.